

Ný urðunarrein í Fíflholtum, Borgarbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 3. júlí 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sorpurðun Vesturlands um gerðar nýrrar urðunarreinar í Fíflholtum í Borgarbyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Fíflholt stækkun. Fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna nýrrar urðunarreinar í Fíflholtum á Mýrum í Borgarbyggð. Efla – Sorpurðun Vesturlands, júní 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Borgarbyggð þann 16. ágúst 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þann 17. ágúst 2023.
- Minjastofnun Íslands þann 3. ágúst 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 11. ágúst 2023.
- Umhverfisstofnun þann 18. ágúst 2023 og
- Veðurstofu Íslands þann 11. ágúst 2023.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 29. ágúst 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga

Sorpurðun Vesturlands hf. hefur rekið urðunarstað í landi Fíflholta á Mýrum frá því 1998 sem þjónustað hefur sveitarfélög frá Hvalfirði í suðri til Gilsfjarðar í norðri með um 17.000 íbúum. Að auki hefur verið tekið við úrgangi frá sveitarfélögum á Vestfjörðum með um 6.000 íbúa. Frá 1998 til 2012 voru urðuð um 129.000 tonn í reinum 1-3 vestan til á svæðinu en þá tók við ný rein; rein 4 og þar hafa verið urðuð um 140.000 tonn. .

Árið 1997 var unnið umhverfismat fyrir urðunarstað í Fíflholtum og var í því mati gert ráð fyrir að urða um 120.000 tonn á 20 árum og gert ráð fyrir að undir það færu um 10-15 ha lands. Þá var einnig gert ráð fyrir möguleika á stækkun svæðis undir urðun um 25 ha og að afmarkaða svæðið dygði í um 30 ár. Árið 2019-2021 var svo unnið umhverfismat fyrir urðunarstaðinn vegna aukningar á urðunarmagni úr 15.000 tonnum á ári í 25.000 tonn á ári. Umhverfismatið beindist að urðun í rein 4 en tók ekki til stækkunar eða fjölgunar reina fyrir umrætt magn.

Í greinargerð Sorpurðunar Vesturlands kemur fram að umhverfismatið frá 2021 hafi verið gert til að bæta úr brýnni þörf sem þá var uppi, þar sem árleg urðun var komin yfir hámark skv. þáverandi



starfsleyfi (15.000 tonn á ári). Umhverfismatið var á þeim tíma forsenda þess að hægt væri að sækja um breytingu á starfsleyfi þar sem gert væri ráð fyrir tímabundinni aukningu á árlegu magni til urðunar.

Fram kemur að ástæða þess að nú sé þörf á að útbúa nýja urðunarrein er sú að sveitarfélögum hafi ekki tekist að ná öllum þeim markmiðum sem sett hafi verið í reglugerð um meðhöndlun úrgangs m.a. að draga úr úrgangsmyndun, auka flokkun og tryggja fullnægjandi úrgangsmeðhöndlun að öðru leyti en margt því tengt sé nú í vinnslu hjá sveitarfélögunum, en nokkurn tíma muni taka að hrinda öllum þeim áætlunum í framkvæmd. Því er ljóst að þörf er á að reka urðunarstaðinn í Fíflholtum a.m.k. í nokkur ár til viðbótar, og fyrirséð að rein 4 muni ekki duga og mun að öllum líkindum fyllist innan tveggja ára. Þar við bætist að nú er verið að fækka urðunarstöðum í landinu, eins og stefnt hefur verið að, sem þýðir að öllum líkindum að þrýst verður á að þjónustusvæði urðunarstaðarins í Fíflholtum verði stækkað m.a. vegna lokunar urðunarstaðar höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. Eftir sem áður er ekki ástæða til að ætla að árlegt magn úrgangs til urðunar fari yfir 25.000 tonn á ári. Hins vegar mun árlegt úrgangsmagn að öllum líkindum haldast nálægt þeim mörkum mun lengur en horfur voru á. Samanlagt heildarmagn úrgangs til urðunar næstu ár verður þá að sama skapi meira en búist var við í matinu árið 2021.

Framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í útbúa nýja um 6,5 ha, 6-8 m djúpa urðunarrein, rétt suðaustan við rein 4 sem nú er í notkun. Nýja urðunarreinin verður aðskilin frá rein 4 með 12-16 m breiðri og 6-8 m hárrí jarðvegsmön og verður breidd nýju reinarinnar um 150 m, lengd um 430 m og rúmtak um 390.000 m³ og er gert ráð fyrir að urða 25.000 tonn af úrgangi á ári á næstu 12 árum eða samtals um 300.000 tonn og á rými í reininni að vera nægjanlegt fyrir það magn. Rein 5 verður byggð á sama hátt og rein 4 með söfnunarkerfi í botni fyrir sigvatn, sem leitt verður í viðeigandi hreinsun. Allt uppgrafið efni og unnin klapparefni eiga að nýtast í framkvæmdina sjálfa svo sem í manir, drenefni og burðarefni í slóða í urðunarreininni eða við rekstur hennar, svo sem í yfirlag (hulu). Hvorki ætti að þurfa að flytja jarðefni að framkvæmdasvæðinu né frá því vegna framkvæmdarinnar. Nýr 330 m langur og um 2 m djúpur ofanvatnsskurður verður grafinn ofan við nýju reinina að norðaustanverðu út í mýri austan hennar.

Fyrirkomulag urðunar

Úrgangur sem tekið er við í Fíflholtum er svokallaður almennur úrgangur þ.e. án spilliefna. Eftir losun er úrganginum jafnóðum rutt af losunarstað og niður fláa sem nær að botni urðunarreinarinnar og hann þjappaður á leiðinni með troðara til rúmmálsminnkunar og til að koma í veg fyrir fok eðlisléttis úrgangs. Úrgangur sem komið hefur verið fyrir er svo hulinn með jarðefnum eða kurluðu timbri sem ekki er nothæft í endurvinnslu eða endurnýtingu. Þegar úrgangur í rein hefur náð fullri áætlaðri hæð er hann hulinn með a.m.k. 1 m þykkum jarðvegi. Eftir fyllingu ákveðins svæðis í rein eru holur boraðar niður í úrgangsfyllingu og kerfi komið þar fyrir til söfnunar á metangasi. Sigvatni frá úrgangi er safnað í lagnakerfi á botni reinarinnar og það leitt í hreinsivirki skv. starfsleyfi.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Sorpurðunar Vesturlands og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að talið sé að áhrif á vatn og jarðveg verði engin miðað við það sem gert var ráð fyrir í matinu árið 2021 en mögulega kann að verða aukið vatnsrennsli í gegnum hreinsikerfi vegna aukins flatarmáls upptökusvæðis. Fram kemur að magn leyfilegs úrgangs aukist ekki við stækkun urðunarsvæðis og því sé ekki að vænta að magn uppleystra efna í vatninu aukist þrátt fyrir aukið vatnsrennsli. Þá er talið að engin breyting verði vegna hættu á foki úrgangs



Þar sem magn úrgangs á ári muni ekki aukast og ekki er gert ráð fyrir að stærð vinnsluflatar aukist þrátt fyrir tilkomu nýrrar reinar. Ennfremur er talið að stækkun urðunarsvæðis hafi engin áhrif á magn lífræns úrgangs sem liggur ópakinn auk þess sem lagaákvæði um samdrátt í urðun á lífrænum úrgangi ættu að takmarka framboð ætis fyrir fugla og meindýr. Gert er ráð fyrir að ónæði muni aukast tímabundið vegna aukinnar umferðar og vegna sprenginga á framkvæmdasvæði miðað við það sem gert var ráð fyrir í matinu árið 2021. Að mati framkvæmdaraðila munu verða óveruleg neikvæð áhrif miðað við matið 2021 á ásynð vegna nýrrar urðunarreinar. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að raska votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd á um 33.000 m² svæði og sem ekki skal raska nema brýna nauðsyn beri til.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ný rein verði sú stærsta hingað til í Fíflholtum og mun viðbótin fela í sér tvöföldun á stærð urðunarstaðsins. Svæðið er að hluta til raskað og beintengt eldri urðunarreinum en þó er ljóst að töluvert stórt óraskað svæði mun fara undir nýju urðunareinina og þar af er votlendissvæði. Þá er svæðið innan tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár sem er m.a. tilnefnt vegna verðmætra votlendissvæða og mikilvægra búsvæða fugla. Urðun úrgangs af ýmsum toga fylgir margs konar mengunarhætta. Hvort slík starfsemi eigi erindi á svæði með hátt verndargildi er álitamál og rökstyðja mætti að skynsamlegra væri að stefna að því að draga úr urðunarstarfsemi í Fíflholti frekar en auka hana. Vegna staðsetningar urðunarstaðsins í næsta nágrenni við sum af víðáttumestu og minnst röskuðu votlendissvæði landsins og mikilvæg búsvæði fugla, telur Náttúrufræðistofnun það ekki heppilega þróun að horft sé til Fíflholts sem eins af megin urðunarstöðum landsins. Þar sem framkvæmdin mun fela í sér umtalsverða stækkun á urðunarsvæðinu og aukningu á magni sorps sem stefnt er að urða og að um röskun á verðmætu votlendi er að ræða, sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sérstaklega með hátt verndargildi, þá telur stofnunin eðlilegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum Sorpurðunar Vesturlands kemur fram að við nánari samanburð við vistgerðarkort sé röskun á votlendi um 25.000 m² en framkvæmdaraðili hyggst óska eftir samráði við Landgræðsluna eða aðra fagaðila við nánari kortlagningu á svæðinu. Framkvæmdaraðili vekur athygli á því að í tengslum við uppbyggingu urðunarstaðar í Fíflholtum árið 1998 hafi verið ákveðið að ráðast í endurheimt votlendis á um 150 ha svæði en heildarstærð urðunarstaðarins í Fíflholtum er skv. skipulagi 65 ha. Þetta endurheimta votlendi er allt innan fyrrnefnds svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár. Framkvæmdaraðili lítur því svo á að nú þegar hafi verið gripið til mótvægisáðgerða vegna þeirrar röskunar votlendis sem mun verða við fyrirhugaða stækkun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að telja megi líklegt að vísbendingar hefðu átt að liggja fyrir um að urðunarrein fjögur myndi ekki endast lengi enn þegar unnið var að umhverfismati fyrir aukningu urðunar árið 2021 en það kom hvorki fram í umhverfismatsferlinu né þegar unnið var nýtt starfsleyfi. Betra hefði verið ef urðunarrein fimm hefði verið tekin með í því ferli. Þrátt fyrir það telur Umhverfisstofnun ekki að umrædd viðbót muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þar sem hér er um áframhaldandi starfsemi að ræða og engar verulegar breytingar verða á eðli hennar. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er ætla að tryggja að reksturinn verði í samræmi við lög og reglur. Kanna þarf hvort þessi breyting kalli á nýtt starfsleyfi.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 og deiliskipulag sorpurðunarsvæðis í Fíflholtum frá árinu 1998. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. einnig lög um meðhöndlun úrgangs, reglugerð um meðhöndlun úrgangs og reglugerð um urðun úrgangs. Þá er framkvæmdin háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða gerð nýrrar urðunarreinar á sorpurðunarsvæðinu í Fíflholtum. Reinin verður um 150 m breið og 430 m löng og er rúmtak hennar um 390.000 m³. Jafnframt er gert ráð fyrir rúmlega 300 m löngum ofanvatnsskurði sem liggur út í nálæga mýri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunarog verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Á árunum 2019-2021 fór fram umhverfismat vegna aukningar á urðun úrgangs í Fíflholtum úr 15.000 tonnum í 25.000 tonn á ári. Í því ferli átti að nota fyrirbyggjandi urðunarreinar þar sem gert var ráð fyrir einungis tímabundinni aukningu á árlegu magni til urðunar þar sem reiknað var með mun meiri samdrætti í urðun í samræmi við stefnu stjórnvalda. Nú er sú staða komin upp að árlegt úrgangsmagn mun að öllum líkindum haldast nálægt 25.000 tonnum mun lengur en horfur voru á og er nú gert ráð fyrir 12 ára endingartíma nýju reinarinnar. Þ.a.l. mun samanlagt heildarmagn úrgangs til urðunar næstu ár verða meira en búist var við í matsferlinu.

Ljóst er að um er að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir en framkvæmdir við sjálfa urðunarreinina munu standa yfir í um 6 mánuði en eins og fyrr sagði mun starfsemi við urðun vara mun lengur en gert var ráð fyrir í matinu árið 2021. Fyrir liggur að ekki þarf að flytja jarðefni að framkvæmdasvæðinu eða frá því þar sem uppgrafið efni og unnin klapparefni mun nýtast í framkvæmdina sjálfa. Ef horft er til umhverfisáhrifa fyrirhugaðra framkvæmda við gerð nýrrar urðunarreinar er ljóst að þær munu raska um 25.000 m² (2,5 ha) votlendis sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og sem forðast ber að raska nema brýnir almannahagsmunir séu í húfi. Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur bent á að framkvæmdasvæðið sé innan svæðis sem stofnunin hefur gert tillögu að verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár vegna verðmætra votlendissvæða og mikilvægra búsvæða fugla. Um er að ræða mjög víðfemt svæði en engu að síður getur Skipulagsstofnun tekið undir það álit NÍ að spurning sé hvort sú starfsemi sem er í Fíflholtum eigi erindi á svæði sem skilgreint hefur verið með hátt verndargildi. Hins vegar er ljóst að svæðið að Fíflholtum er eðli málsins samkvæmt nú þegar mjög raskað þó að fyrir liggir að fyrirhugaðar framkvæmdir munu auka umfang þess rasks talsvert. Fyrir liggur að í tengslum við uppbyggingu urðunarstaðarins í Fíflholtum var ráðist í endurheimt votlendis á um 150 ha svæði innan fyrrnefnds tillögusvæðis NÍ en heildarstærð urðunarstaðarins í Fíflholtum er skv. skipulagi 65 ha, þar með talið fyrirhuguð urðunarrein. Skipulagsstofnun getur tekið undir það álit framkvæmdaraðila að unnt sé að líta svo á að með þeim endurheimtaraðgerðum hafi nú þegar verið gripið til mótvægisáðgerða vegna þeirrar röskunar votlendis sem mun verða við fyrirhugaða stækkun.

Ljóst er að í ofangreindu matsferli á árunum 2019 til 2021 var fjallað ítarlega um og lagt mat á hugsanleg áhrif af aukinni urðun árlega á tiltekna umhverfisþætti. Þá var jafnframt ítarleg umfjöllun um mótvægisáðgerðir m.a. vegna foks og sóknar meindýra í úrgang sem og um hreinsun sigvatns frá urðunarstaðnum. Með tilkomu nýrrar urðunarreinar verða ekki verulegar breytingar á eðli



starfseminnar en ljóst er að þar sem að tímabil urðunar mun lengjast miðað við það sem gert var ráð fyrir í matinu mun ónáði verða meira viðvarandi vegna starfseminnar og við bætist ónáði vegna hávaða á framkvæmdatíma vegna umferðar vinnuvéla og sprenginga. Þar sem árlegt magn leyfilegs úrgangs sem verður urðað mun ekki aukast eru ekki líkur á að magn uppleystra efna í vatni sem fer í gegnum hreiniskerfi aukist þó að vatnsrennsli í gegnum kerfið kunni að aukast og því ekki að vænta neikvæðra áhrifa á vatn og jarðveg. Að sama skapi eru ekki líkur á að fok úrgangs komi til með að aukast miðað við það sem gert var ráð fyrir þar sem leyfilegt magn til urðunar árlega er óbreytt.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 27. október 2023.

Reykjavík, 22. september 2023

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

